

28. júlí 1983

981

Nr. 588.

Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um	29,5%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um	29,5%
Gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um	29,5%
Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um	29,5%
Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar, frá 3. júní 1983.	
Allir taxtar hækki um	29,5%

Iðnaðarráðuneytið, 28. júlí 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

28. júlí 1983

Nr. 589

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Strandagrunni.

1. gr.

Frá birtingu reglugerðar þessarar uns annað verður ákveðið, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 66°30'48 N 21°17'46 V
2. 67°02'09 N 21°40'01 V
3. 67°05'12 N 20°39'59 V
4. 66°59'05 N 20°36'45 V.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júlí 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.